

Þróunarverkefnið Samfélagið í einingakubbunum

Markmiðið er að vinna markvisst með einingakubba í nánnum tengslum við *samfélagið* samkvæmt hugmyndafræði þeirri sem við störfum eftir og kennd er við John Dewey og Caroline Pratt. **Gildi** verkefnisins felst m.a. í því að sýna fram á að mikilvægt nám á sér stað í leik barnanna á þeirra eigin forsendum, með einingakubba Pratt og annan opinn efnivið. **Leikur** með einingakubba hefur áhrif á alla þroskaþætti barna, auk þess námsþætti eins og stærðfræði, vísindi og *samfélagsfræði*. Í verkefninu verður skoðað hvernig *samfélagið* sem *börnin* lifa í, birtist í *leik* með *einingakubbana*. Hvað kemur fram í leik barnanna sem verður með vísun í þá samfélagslegu þætti sem þau upplifa í *vettvangsferðum*, í *umræðum* með kennara og barnahóp og með *opnum spurningum* kennara. Á hvaða hátt kemur *samfélagsleg tenging* fram í *orðræðu barnanna* og hvað er það sem þau læra um samfélagið með þessari innleiðingu.

Okkur þykir brýnt að sýna fram á hvernig hægt er að flétta leik barna inn í nám um samfélagið sem þau búa í. Það getur verið öflug kveikja fyrir uppsprettur hugmynda og ímyndunarafis hjá börnunum og þekkingarleitun byggist á forvitni þeirra og virkni. Börnin fá tækifæri til að vinna úr reynslu sinni og rannsóknum á skapandi hátt og setja upplifun sína í það form sem þau sjálf kjósa að gera.

Leiðir að markmiðum varðandi börnin

Dvergheimar:

- Bangsinn Lúlli og bókin hans fer heim með börnunum, foreldrar skrifa í hana frásagnir af því sem drífur á daga barnsins á meðan Lúlli dvelur hjá fjölskyldunni.
- Hafa myndir af fjölskyldum barnanna uppi á veggjum í þeirra hæð
- Hugmyndir að umræðuefni með yngstu börnunum; fá þau til að segja hvað og hverjir eru á myndunum, hvað þau hafa verið að gera osfrv.

Álfheimar:

- Fara heim með bangsann Friðþjóf og bókina hans; sögur af mismunandi fjölskyldum.
- Hafa fjölskyldumyndir á veggjum í hæð barnanna.
- Börnin eru byrjuð að fara í ferðir til að taka myndir af húsunum sem þau búa í. Umræður í barnahópnum með kennara.

Jötunheimar:

- Bangsinn Banker Björn og bókin hans fer heim með börnunum (sjá Dvergheima og Álfheima).
- Byggingar standa á milli leiktíma – allt upp í viku.
- Umræður, spurningar, vettvangsferðir, þekkingar- og lausnaleit.

Markmið - kennararnir

- Dýpka þekkingu sína á hugmyndafræðinni á bak við einingakubbana og efla þannig fagmennsku innan leikskólans.
- Efla sig í að spyrja börn opinna spurninga.

- Þjálfar sig í að efna til umræðna með börnum í tengslum við vettvangsferðir og rannsóknir um samfélagið sem leitað verður til í auknum mæli.

Leiðir að markmiðum

- Lestur á fræðilegu efni og umræður á starfsmannafundum.
- Auka markvisst tengsl barna við samfélagið.
- Skráningar - bæði skriflegar og myndrænar til endurmats og umræðna um kennsluhætti kennaranna.

Leikskólinn er:

Ekki undirbúningur fyrir lífið eða “alvöru” skóla heldur er hann lífið hér og nú – njótum þess með börnunum okkar (John Dewey).

Ef námsumhverfið í leikskólanum er öflugt með ríkulegar áhugavekjandi kveikjur – er ÞAÐ góður grunnur fyrir bóklegt nám seinna meir (Harriet K. Cuffaro).